

Föstudaginn 1. október 1999.

Nr. 397/1999. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

X

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Kærumál. Gögn. Verjandi.

*Kærður var úrskurður héraðsdómara þar sem fallist var á kröfu lög-
reglustjóra um skýrslutöku yfir X fyrir dómi og framlengingu frests til
að synja verjanda X um aðgang að gögnum varðandi rannsókn opin-
bers máls í þrjár vikur, á grundvelli b-liðar 1. mgr. 74. gr. a laga nr.
19/1991. Var niðurstaða héraðsdóms staðfest með vísan til forsendna
úrskurðarins.*

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Gunn-
laugur Claessen og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 29. september
1999, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 30. sama mánaðar.
Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. september 1999, þar
sem fallist var á kröfu sóknaraðila um skýrslutöku fyrir dómi af varn-
araðila. Þá var jafnframt fallist á kröfu sóknaraðila um að framlengdur
yrði í þrjár vikur frestur til að synja verjanda varnaraðila um aðgang að
gögnum varðandi rannsókn opinbers máls, sem beinist að varnaraðila.
Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opin-
berra mála. Varnaraðili krefst þess að lagt verði fyrir sóknaraðila að
afhenda verjanda þau gögn málsins sem eru orðin einnar viku gömul.

Sóknaraðili krefst þess að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 29. september 1999.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess að héraðsdómur taki skýrslu af X, [...], og jafnframt að framlengdur verði í þrjár vikur frestur sem lögregla hefur til að synja verjanda kærða um aðgang að gögnum er varða rannsókn máls nr. 10-1999-21479.

Samkvæmt síðari málslið b-liðar 1. mgr. 74. gr. a laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, sbr. 23. gr. laga nr. 36/1999, ber dómara að verða við beiðni lögreglu um skýrslutöku fyrir dómi af sakborningi til þess að upplýsa mál, áður en verjandi fær aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum þess, telji lögregla bera nauðsyn til þess. Með vísan til þessa er fallist á að skýrslutaka fari fram fyrir dómi yfir kærða, X.

Samkvæmt sama lagaákvæði getur dómari framlengt frest sem lögregla hefur til að veita verjanda sakbornings aðgang að gögnum samkvæmt 1. mgr. 43. gr. laganna í allt að þrjár vikur, ef þörf er á, til að unnt sé að ljúka skýrslutökum.

Með hliðsjón af því hve mál þetta er umfangsmikið má fallast á kröfu lögreglustjóra um að frestur til að sýna verjanda og sakborningi gögn verði framlengdur í allt að þrjár vikur, samkvæmt síðari málslið b-liðar 1. mgr. 74. gr. a laga nr. 19/1991, svo unnt verði að ljúka skýrslutöku. Fallist er á þann skilning lögreglustjóra á 43. gr. sömu laga að frestur taki fyrst að líða gagnvart kærða frá handtöku hans í vörslum íslenskra yfirvalda. Byggist sú niðurstaða á því að sakborningur getur ekki gert kröfu til gagnanna fyrir en í fyrsta lagi við handtöku héraðs og getur frestur hvað honum viðvíkur því ekki farið að líða fyrir.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Fallist er á kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um skýrslutöku yfir sakborningi, X, fyrir dómi. Jafnframt er framlengdur í þrjár vikur frestur sem lögregla hefur til að synja verjanda X um aðgang að öllum rannsóknargögnum máls nr. 10-1999-21479. Upphafstími frests miðast við framsal kærða til íslenskra yfirvalda.